

29. Peterson, Connie Marie, barn á Neskaupstað, f. 27. desember 1985 í Bandaríkjunum.
30. Peterson, Peter Kjartan, barn á Neskaupstað, f. 13. maí 1987 í Reykjavík.
31. Sigtryggur Levi Kristófersson, nemi í Bandaríkjunum, f. 16. september 1962 í Reykjavík.
32. Sigurður William Brynjarsson, nemandi á Patreksfirði, f. 20. ágúst 1975 í Keflavík.
33. Sigurður Kristófer Óskarsson, barn í Reykjavík, f. 5. október 1988 á Indlandi.
34. Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 14. desember 1987 á Indlandi.
35. Sörensen, Ruth Bredahl, matræðskona á Akureyri, f. 4. febrúar 1941 í Danmörku.
36. Thompson, Richard Erik, sjómaður á Píngeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
37. Wessman, Flemming Gauti, nemi í Noregi, f. 11. febrúar 1972 í Reykjavík.
38. Wessman, Ægir Ib Elof, flugmaður í Sameinuðu furstadæmunum, f. 12. september 1963 í Reykjavík.
39. Yonkova, Asia Ilianova, nemandi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1965 í Búlgaríu. Fær réttinn 7. febrúar 1990.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafrni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

21. desember 1989

Nr. 107

LÖG

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal stjórn skv. 1. gr. skipuð við gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.